

5. AÐALFUNDUR FÉLAGS GRUNNSKÓLAKENNARA 17.-18. maí 2011

Ályktun um millipinganevnd

5. aðalfundur FG 17.-18. maí 2011 samþykkir:

að skipa millipinganevnd sem fjalli um

- stjórnkerfi félagsins
- samsetningu stjórnar
- fjölda svæðafélaga
- lög svæðafélaga
- fyrirkomulag tilnefninga og framkvæmd kosninga
- lög FG

Nefndin kynni tillögur sínar á ársfundi 2012 enda hafi þær þá þegar verið sendar stjórnunum svæðafélaga til kynningar. Samþykki ársfundur að áfram skuli unnið að tillögunum hefur stjórn FG í samráði við nefndina, heimild til að boða til aukaaðalfundar FG árið 2013 í stað ársfundar. Til fundarins skal boða á sama hátt og til aðalfundar með tilliti til fjölda, seturéttar og allra tímafresta.

Dagskrá aukaaðalfundarins yrði:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Kynning á ársreikningum.
3. Lagabreytingar.

Til þess að lagabreyting nái fram að ganga verður hún að hljóta samþykki 2/3 hluta greiddra atkvæða. Breytingar á lögum koma fyrst til framkvæmda þegar stjórn Kennarasambands Íslands hefur staðfest þær.

Nefndina skipa formaður FG, þrír úr stjórn FG og þrír svæðaformenn sem þeir velja úr sínum hópi á fyrsta samráðsfundi eftir aðalfund 2011.

Greinagerð

Breytingar voru gerðar á lögum árið 2008 í þá veru að auka vægi svæðafélaganna innan FG. Á síðustu misserum hefur umræða verið um uppbyggingu FG, t.d. um stærð svæðafélaga, fjölda þeirra, ein lög fyrir öll svæðafélögin, markmið samráðsfunda, uppstillingarnefnd (kjörstjórn/kjörnefnd), félagslega endurskoðendur, kjör formann og samsetningu stjórnar FG svo eitthvað sér nefnt.

Lagt er til að stofnuð verði millipinganevnd sem fjalli um ofangreind mál. Nefndin leggur tillögur sínar fyrir stjórn FG og svæðafélögin. Þannig gefst hinum almenna félagsmanni færi á að koma breytingum á uppbyggingu félagsins á öllum stigum málsins.

Lagt er til að stjórn FG og millipinganeftndinni verði veitt heimild til að boða til aukaaðalfundar árið 2013. Þannig væri hægt að vinna samkvæmt nýjum lögum á aðalfundi árið 2014 í stað ársins 2017.